

# Matsáætlun fyrir 4.500 tonna aukningu hámarkslífmassa af laxi og regnbogasilungi og breytingar á eldissvæðum Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi

## Viðbrögð við umsögnum við matsáætlun

Skipulagsstofnun óskar eftir viðbrögðum framkvæmdaraðili við umsögn: Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslunnar, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar, vegagerðarinnar, Tjaldtanga og náttúruverndarsamtakanna Laxinn lifi

Umsagnir er að finna inn á slóðinni: <https://www.skipulagsgatt.is/issues/2024/166>

Viðbrögð Háafells við umsögnum á matsáætlun félagsins	
Umsögn Hafrannsóknastofnunar	Viðbrögð
<p>Samlegðaráhrif Háafells með öðrum framkvæmdaraðilum sem fyrirhuga starfssemi í Ísafjarðardjúpi þá helst m.t.t. dreifingu lúsa og sjúkdóma (t.d. ISA veiru) og hvernig brugðist verði við.</p> <p>Ónæmi lúsar fyrir þeim lyfjum sem notuð hafa verið og næmispróf gegn lyfjum. Fjalla um neikvæð áhrif lyfja á umhverfi (þá helst krabbadýr).</p> <p>Fjalla þarf um möguleikann á stórum stroatburðum og hvernig má koma í veg fyrir slíka atburði og mótvægisáðgerðir gegn þeim.</p> <p>Fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á veiðar í Ísafjarðardjúpi.</p>	<p>Tekið verði tillit til allra þessa athugasemda og ábendinga Hafrannsóknastofnar og gert grein fyrir viðbrögðum Háafells í umhverfismatsskýrslu.</p>
Umsögn Matvælastofnunar	Viðbrögð
<p>Stofnunin óskar eftir að myndir er varða breytingar á eldissvæðunum verði settar skýrar fram í umhverfismatsskýrslu. Óskað er eftir að á sömu mynd komi fram eldissvæðin eins og þau eru í dag og eldissvæðin eins og breytingin gerir ráð fyrir og fjarlægðir í eldissvæði ótengdra rekstraraðila merkt inn á.</p> <p>Í kafla 5.2.3 um sjúkdómstengda þætti er fjallað um dýralækni fisksjúkdóma en rétt er að fjalla um sérgreinadýrlækna fisksjúkdóma.</p> <p>Breyting Háafells á eldissvæðunum í Kofradýpi gerir ráð fyrir styttri fjarlægðum í eldissvæðin Arnarnes og Kirkjusund en hún er í dag. Matvælastofnun bendir á 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi en þar kemur fram að Matvælastofnun skuli tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaelði skuli samkvæmt meginviðmiði eigi vera styttri</p>	<p>Tekið verður tillit til athugasemda og ábendinga Matvælastofnunar og þeim svarað í umhverfismatsskýrslu.</p> <p>Varðandi fjarlægðarmörk er ekki um að ræða neina breytingu á fjarlægð á milli fiskeldisstöðvar Háafells og fyrirhugaðri fiskeldisstöð Arctic Fish sbr. 18. gr. reglugerðar 540/2020 um fiskeldi.</p>

<p>en 5 km miðað við útmörk hvefarrar fiskeldisstöðvar. Í matsáætlun er ekki tilgreint með hvaða hætti megi tryggja þessa fjarlægð.</p>	
<p><b>Umsögn Umhverfisstofnunar</b></p> <p>Meta þarf áhrif framkvæmdarinnar á þau vatnshlot sem tengjast henni. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna... Í gögnum framkvæmdaraðila kemur ekki fram hvert vatnhlotið er sem framkvæmdin nær til, né umhverfismarkmið þess. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og þau þarf að uppfylla.</p> <p>Í umfjöllun um næringarefni í sjó og botndýralíf er vísað til fyrri mats en einnig fyrirbyggjandi gagna vegna vöktunar á svæðum sem hafa verið í notkun. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gera betur grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst bregðast við ef fresta þarf útsetningu á svæði ef þau hafa ekki jafnað sig eftir hvíld... Sérstaklega er þetta mikilvægt þar sem verið er að ala frjóan lax og regnboga en eingöngu er heimilt að vera með regnboga eða ófrjóan lax innan Æðeyjar. Því er ekki hægt að nota þau svæði til vara ef til þess kæmi með frjóa laxinn.</p> <p>Í umhverfismatsskýrslu er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að gera grein fyrir samlegð með öðrum fyrirtækum á svæðinu. Horfa þarf til samræmingar útsetninga milli Háafells, Arctic Sea Farm og Arnarlax. Svæðin Arnarnes (Arnarlax) og Kirkjusund (ASF) eru í innan 5 km fjarlægð frá svæðum Háafells og getur öll frestun haft keðjuverkandi áhrif á önnur fyrirtæki.</p> <p>Það þarf að liggja fyrir áhættumat siglingaöryggis fyrir öll svæði sem falla undir framkvæmdina ekki bara þau sem verið er að breyta.</p> <p>Það þarf einnig byggingarleyfi og gera þarf grein fyrir því ferli.</p> <p>Loftslag á að vera sér matsþáttur í mati á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmdina.</p> <p>Vöktunaráætlun framkvæmdaraðila verði uppfærð til samræmis við fyriráætlanir og liggi fyrir samhliða umhverfismatsskýrslu. Þar er mikilvægt að tilgreina þá vöktun sem kemur inn í samræmi við lög um stjórn vatnamála.</p>	<p><b>Viðbrögð</b></p> <p>Tekið verður tillit til athugasemda og ábendinga Umhverfisstofnunar í umhverfismatsskýrslu.</p> <p>Varðandi að eldissvæðið nái ekki að jafna sig og þurfi meiri hvíld þá er bent á að eldissvæðin Kofradýpi og Skötu-fjörður eru stór og möguleiki er að færa kvíþyrpingar innan svæðisins.</p> <p>Varðandi eldissvæði innan við Æðey þá verður þar eldi á regnbogasilungi og/eða ófrjóum laxi á með ekki fæst heimild til eldis á frjóum laxi. Þar eru mörg eldissvæði og hægt að flytja kvíþyrpingar á milli svæða ef lengja þarf hvíldartíma.</p>
<p><b>Umsögn Vegagerðarinnar</b></p> <p>Við ákvörðun um staðsetningu á búnaði eða starfsemi innan reita þarf að liggja til grundvallar áhættumat um siglingaöryggi í samráði við Vegagerð, Samgöngustofu, Landhelgisgæslu og viðkomandi hafnaryfirvöld.</p>	<p><b>Viðbrögð</b></p> <p>Háafell mun sjá til þess að áhættumat um siglingaöryggi verður gert. Gerðar verða viðeigandi ráðstafanir eða breytingar eftir þörfum í samstarfi og</p>

	<p>Samráði við viðeigan stofnanir.</p>
<p><b>Umsögn Fiskistofu</b></p> <p>Huga þarf sérstakleg að hugsanlegum áhrifum laxalúsar á náttúrulega stofna laxfiska og skýra það hvernig líkur á stroki úr eldi verði lágmarkað og fjallað verði um áhrif sem strokulaxar kunna að hafa á villta stofna verði.</p>	<p><b>Viðbrögð</b></p> <p>Tekið verður tillit til þessa ábendinga Fiskistofu við vinnslu og gerð umhverfismatsskýrslu.</p>
<p><b>Umsögn Landhelgisgæslu Íslands</b></p> <p>Landhelgisgæslan telur að gera þurfi frekari grein fyrir áhrifum framkvæmdar á öryggi siglinga í Ísafjarðardjúpi í umhverfismatinu. Stofnunin leggur til að framkvæmt verði áhættumat siglingaöryggis fyrir öll svæði sem falla undir framkvæmdina og þá sérstaklega breyttar staðsetningar eldissvæða Háafells í Ísafjarðardjúpi, þar sem um ný svæði er að ræða, og að tekið verði tillit til áhættumats siglingaöryggis við umhverfismat framkvæmdarinnar.</p>	<p><b>Viðbrögð</b></p> <p>Áhættumat siglingaöryggis verður eitt af þeim atriðum sem tekið verður fyrir í umhverfismatinu.</p> <p>Gerðar viðeigandi ráðstafanir eða breytingar eftir þörfum í samstarfi og samráði við viðeigan stofnanir.</p>
<p><b>Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands</b></p> <p>Fjallað verði um samlegð við áformaða starfsemi annarra fyrirtækja á svæðinu og hvernig t.d. breytingar á nýtingu svæða hjá einum framleiðanda hefur áhrif á heildarmynd framleiðslu á svæðinu og umhverfisáhrifin.</p> <p>Gera betur grein fyrir hvernig brugðist verður við breytingum á tímalínu t.d. vegna frestunar á útsetningu ef svæði hafa ekki jafnað sig eftir hvíld. Sérstaklega því hvíldarsvæði innan við Æðey má ekki nota fyrir frjóan lax.</p>	<p><b>Viðbrögð</b></p> <p>Tekið verður tillit til ábendinga Náttúrufræðistofnunar Íslands.</p> <p>Varðandi hvíld svæða og notkun er vísað til svara við umsögn Umhverfisstofnunar.</p>
<p><b>Umsögn Samgöngustofu</b></p> <p>Fyrirhuguð stækkun svæðisins við Bæjarhlíð nær inn í hvítan ljósgeira vitans í Æðey en slík staðsetning felur í sér farartálama á öruggri siglingagleið.</p> <p>Það þarf að framkvæma áhættumat vegna siglingaöryggis.</p>	<p><b>Viðbrögð</b></p> <p>Framkvæmt verður áhættumat vegna siglingaöryggis og gerðar viðeigandi ráðstafanir eða breytingar eftir þörfum í samstarfi og samráði við viðeigan stofnanir.</p>
<p><b>Umsögn Tjaldtanga</b></p> <p>Óskað er eftir viðbrögðum við neikvæðum áhrifum laxalúsanotkunar á rækjustofna og hvernig staðið verður að notkun lyfjanna.</p> <p>Óskað er eftir að svarað verði eftirfarandi spurningum um áhrif sjókvíaeldis á rækjustofna:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hefur sjókvíaeldi áhrif á botnsvæði og botndýralíf þar sem rækjan heldur sig?</li> <li>• Hefur sjókvíaeldi áhrif á fæðumöguleika rækjunnar?</li> <li>• Hefur sjókvíaeldi áhrif á afrán sviflægra rækjulirfa á svæðinu?</li> </ul>	<p><b>Viðbrögð</b></p> <p>Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir áhrifum laxalúsalyfja á rækjustofna og notkun lyfjanna.</p> <p>Í umhverfismatsskýrslu verður eftirfarandi spurningum svarað eftir því sem heimildir og niðurstöður rannsókna gefa möguleika á.</p>

- Hefur sjókvíaeldi áhrif á fiskgengd? Munu kvíarnar og fóðrið sem fellur þar framhjá auka fiskgengd sem aftur mun auka afrán á rækjustofninn?
- Hver eru langtímaáhrif sjókvíaeldis á viðgang og útbreiðslu rækju?

Umsagnaraðili telur mikilvægt að kannað sé hver afrakstur rækjuveiða í Ísafjarðardjúpi hafi verið undanfarin ár og áratugi. Kannað sé hvaða áhrif það muni hafa á samfélagið ef rækjuveiðar leggjast af við djúp. Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir afrakstri rækjuveiða síðastliðnar vertíðir.

Fyrirhugað eldi mun skerða togsvæði rækjuveiða og skerða þar með atvinnuréttindi rækjusjómannanna við Ísafjarðardjúp.

Mikilvægt er að til séu úrræði ef rekstrarforsendur fiskeldis bresta og fiskeldisfélög fara í þrot. Hver ber ábyrgð á að hreinsa og að taka til í umhverfinu.

Fyrirhugað sjókvíaeldi er í nágrenni við margar toglóðir rækjubáta. Óumdeilt er að sum togsvæði eru mikilvægari en önnur. Ekki eru til rannsóknir á mikilvægi toglóða með gögnum langt aftur í tímann og væri það þarfleg rannsókn að gera til að færa styrkari stoð undir þekkingu manna á veiðisvæðum rækju í Ísafjarðardjúpi.

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir afrakstri rækjuveiða í Ísafjarðardjúpi og áhrif á samfélag.

Í fyrra umhverfismati var haft samráð við rækjusjómenn og verður það einnig gert í þessu umhverfismati. Í aðalatriðum eru að ræða sömu svæði.

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir hvernig staðið verður að hreinsun ef eldinu verður hætt af einhverjum ástæðum.

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir rækjuveiðum og veiðisvæðum rækju í Ísafjarðardjúpi.

#### Náttúruverndarsamtökin Laxinn lifi

Leggja þarf mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í heild með fyrirhugaðri aukningu. Þá þarf að taka tillit til annarra framkvæmda í Ísafjarðardjúpi sem þegar hafa verið heimilaðar eða fyrirhugaðar eru og samverkandi umhverfisáhrif þeirra.

Gera grein fyrir þeim ám sem umhverfisáhrif framkvæmdarinnar geta náð til ef fiskur strýkur úr kvíum, en það svæði er mun stærra en Ísafjarðardjúp. Í því sambandi þarf einnig að leggja mat á líkur stroks með hliðsjón af gögnum um tíðni og umfang undanfarin ár og taka tillit til slíkra upplýsinga við má því hvort um umtalsverð áhrif sé að ræða.

Í umsögn er bent á að það skort víða í tillögum í umhverfismati upplýsingar og í því sambandi er nefnt hvernig fyrirhugað er að

#### Viðbrögð

Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á umhverfisáhrif eldis Háafells þar sem gert er ráð fyrir 11.400 tonna hámarkslífmassa og samlegðaráhrif við eldi ótengdra aðila í Ísafjarðardjúpi.

Í umhverfisskýrslu verður farið vel yfir líkur á mögulegu stroki og dreifingu eldislaxa í veiðiár.

Í umhverfismatsskýrslu verður vel farið yfir

standa að mati á umhverfisáhrifum á villta laxfiska í ám í Ísafjarðardjúpi og utan þess.

Umsagnaraðili bendir á að vísað sé til áhættumats erfðablöndunar án þess að tekið sé tillit til reynslu af tíðni og umfangi slysasleppinga eftir gerð þess og áhrif þess á forsendur matsins. Að því marki sem til stendur að byggja fyrirhugað mat á umhverfisáhrifum á þeim forsendum sem liggja til grundvallar áhættumats erfðablöndunar þarf að taka afstöðu til áræðaleika þeirra og horft þær eigi enn í við í ljósi fenginnar reynslu eftir gerð matsins.

umhverfisáhrif á villta laxfiska í ám út frá reynslu hér á landi á síðustu árum og niðurstöðum rannsókna.

Áhættumats erfðablöndunar var lögfest á Alþingi Íslendinga á árinu 2019 og rekstrar- aðila ber að fara eftir því. Rekstraraðili hefur ekkert með forsendur áhættumatsins að gera en tekið verður tillit til breyttra forsenda í umhverfismatinu félagsins.

Í matsskýrslu félagsins frá 2020 voru lagðar til mótvægisáðgerðir umfram það sem gert er ráð fyrir í áhættumati erfðablöndunar og verða þær tillögur ítrekaðar í þessu umhverfismati til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins.